

áætla nefnt gjald á grundvelli tiltækra upplýsinga um heildarlaun til flytjenda á því ári.

3. gr.

Vegna flutnings verka við jarðarfarir skal hverju sinni heimt gjald, er sé fimm hundraðshlutar af launum flytjenda. Fela má föstum organleikurum við kirkjur og útfararstjórnnum að annast innheimtu þessa gjalds gegn þóknun, sem menntamálaráðherra ákveður.

4. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er varið skal til styrktar tónskáldum og textahöfundum, er semja kirkjuleg verk, og skulu renna í sjóð þennan tuttugu af hundraði þeirra gjalda, sem innheimt eru samkvæmt 2. og 3. gr. reglna þessara.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skal einn skipaður af ráðherra án tilnefningar og er hann formaður sjóðstjórnar, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar og einn skv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, eða þeim hagsmunasamtökum rithöfunda, sem kunna að taka við af því sambandi.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um skipulag og hlutverk sjóðsins.

5. gr.

Að frádregnum innheimtukostnaði og greiðslum í sjóð þann, er stofna skal samkvæmt 4. gr., skal gjald það, sem innheimt er í samræmi við 2. og 3. gr., renna til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, en samtök þessi sjá um greiðslu þóknunar til höfunda í samræmi við eigin úthlutunarreglur, eftir því sem við getur átt. Þó skal sú regla gilda í þeim tilvikum, þar sem tónverk er flutt með texta og hvorutveggja er verndað að höfundarétti, að höfundabóknun skiptist jafnt á milli tónskálds og textahöfundar og að öðru leyti sé textinn við úthlutun ævinlega metinn til jafns við tónverkið.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um innheimtu gjalda samkvæmt reglum þessum eða fela hana Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, sem einnig annast úthlutun þeirra, sbr. 5. gr.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4 tl. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Stofnunin heitir: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands og hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að annast mannfræðilegar rannsóknir á Íslendingum, einkum athuganir á líkamseinkennum. Mannfræðisstofnunin varðveitir öll rannsóknargögn, sem safnað verður á hennar vegum. Íslenskir vísindamenn, sem safnað hafa þannig gögnum, geta þó unnið úr þeim utan stofnunar, ef þörf krefur, þar til þeir hafa lokið verkefnum, er byggjast á gögnumum.

Erlendir aðilar, sem vilja vinna að mannfræðirannsóknum á Íslandi, verða að leita um það samráðs við stofnunina.

3. gr.

Sjö menn eiga sæti í stjórn Mannfræðistofnunarinnar. Háskólaráð skipar fjóra þeirra, landlæknisembættið einn og Íslenska mannfræðifélagið einn. Forstöðumaður stofnunarinnar á einnig sæti í stjórn hennar.

Stjórnin situr 3 ár í senn.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún heldur fundi þriðja hvern mánuð, eða oftar, ef meiri hluti hennar æskir þess. Stjórnin gerir árlega fjárhagsáætlun um framkvæmdir, sem lögð er fyrir rektor. Einstök rannsóknarverkefni eru háð samþykki stjórnar.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Mannfræðistofnunarinnar, eftir tilögum háskólaráðs. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í mannfræði. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri Mannfræðistofnunarinnar, ræður tímabundið starfslið í samráði við stjórn hennar, eftir því sem fé er veitt til, og gefur árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

Rekstur Mannfræðistofnunarinnar er greiddur af ríkisfé, samkvæmt því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) styrkir
- b) gjafir
- c) greiðslur fyrir aðstoð eða verkefni.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í staflidum a)—c), er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektorsembættið og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

Skal reikningshald vera hluti af heildarreikningi háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Ákvæði 6. gr., að því er varðar greiðslu rekstrarkostnaðar af ríkisfé, kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1975, enda hafi fé til starfsemi stofnunarinnar þá verið veitt í fjárlögum fyrir árið 1975.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.